

## LÖG

### um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra er einnig“ í 4. mgr. 31. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun er.

2. gr.

1. másl. 2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Tillagan skal auglýst í Lögbirtingablaði, á vefmiðlum og með öðrum hætti eftir því sem við á.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 38. gr. laganna:

- Við lokamálslið bætist: með þeirri undantekningu að frestur til að gera athugasemdir við friðlysingaráformin skal vera að lágmarki fjórar vikur.
- Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í kynningu skal að lágmarki tilgreina markmið og tilgang fyrirhugaðrar friðlysingar.

4. gr.

Í stað orðanna „þrír mánuðir“ í 3. másl. 2. mgr. 39. gr. laganna kemur: sex vikur.

5. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar“ í 1. másl. 1. mgr. 41. gr. laganna kemur: Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn.

6. gr.

Á eftir 73. gr. laganna kemur ný grein, 73. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Kortlagning óbyggðra víðerna.*

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um þau viðmið og forsendur sem liggja til grundvallar kortlagningunni.

Kort með upplýsingum um óbyggð víðerni skal vera til upplýsinga fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun.

Nr. 6

10. febrúar 2021

7. gr.

Tilvísanirnar „41.“ og „og 64.“ í 1. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fyrstu kortlagningu óbyggðra víðerna alls landsins skv. 73. gr. a skal vera lokið fyrir 1. júní 2023.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu vera þrír mánuðir ef áform um friðlýsinguna hafa verið kynnt fyrir gildistöku laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Guðmundur Ingi Guðbrandsson.*

---

A-deild – Útgáfud.: 16. febrúar 2021